

## Aðalfundur Heimilis og skóla 2016

### Fundargerð

Haldinn í fundarsal SAMFOK að Háaleitisbraut 13 mánudaginn 11. apríl.

#### **Anna Margrét Sigurðardóttir setur fundinn kl. 17.12**

Guðni Björnsson er kjörinn fundarstjóri og Björn Rúnar Egilsson ritari. Guðni fer yfir fundardagskrána í stuttu máli og fundargestir kynna sig.

Anna Margrét Sigurðardóttir formaður samtakanna fer því næst yfir helstu verkefni samtakanna og áhersluþættir í starfi síðasta árs kynntar: árangurrikt og viðburðarríkt starfsár að baki, vel heppnaðir fulltrúaráðsfundir, nýtt tímarit gefið út helgað læsi – verður endurprentað, unnið að krafti að læsisverkefninu og samningur undirritaður í janúar á þessu ári. Læsisverkefnið er eitt víðamesta verkefni sem Heimili og skóli hafa tekið að sér og mun taka mikinn tíma og orku að klára. Samstarfið við NOKO hefur verið eflt en samtökin stefna að því að verða fullgildir aðilar á næsta ári. Norrænir formenn heimsóttu okkur á síðasta ári. Núna í haust verður haldin ráðstefna í Svíþjóð og er mikill áhugi að við tökum þátt innan fulltrúaráðsins. Þjónustusamningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið þarf að endurnýja á næstunni en síðasti samningur var til fjögurra ára og rennur brátt út. Nauðsynlegt er að ráðuneytið auki framlag sitt til samtakanna til að starfsemin skerðist ekki. Erindi Heimilis og skóla við íslenskt samfélag er brýnt: að berjast gegn niðurskurði í skólamállum, leggja baráttu gegn einelti lið, standa að forvarnarmálum og ýta undir jákvæðan árangur. Samtökin hafa náð miklum árangri undanfarið og verið sýnileg í fjölmiðlum. Því ber að þakka öflugum og vel menntuðu starfsfólki sem hefur af mikill útsjónarsemi náð að koma fjölmögum verkefnum á koppinn. Anna Margrét þakkar stjórninni einnig fyrir sína aðkomum. Megi Heimili og skóli halda áfram að blómstra og vinna ötullega fyrir foreldra í landinu.

#### Næst fer Anna Margrét yfir ársreikning Heimilis og skóla 2015.

Gjöld umfram tekjur eru umfram 1200 þúsund krónur. Eigið fé eru tæpar 13 milljónir. Farið er yfir rekstrar tekjur. SAFT verkefnið er okkar stærsti tekjugrunnur, en tekjurnar hafa lækkað um 2 milljónir milli ára. Félagsgjöld standa í 8.5 milljónum og hefur það framlag hækkað aðeins frá síðasta ári. Styrkir lækkað aðeins milli ára. Stefna samtakanna er að fara ekki í verkefni nema styrki sér búið að tryggja. Laun og tengd gjöld hafa hækkað töluvert og útskýrir það tapið að mestu leyti. Eigið fé hefur dregist saman um rúma milljón. Viðskiptaskuldir hafa hækkað. Þó eru samtökin búin að greiða niður skuldir um 3 milljónir milli ára. Lækkað framlag frá ESB í SAFT nemur um 3.5 milljónum. Mótframlag ríkissjóðs kemur á móti. Reksturinn er mjög fínn, erum að reka skrifstofuna fyrir lítið fé og almennur rekstrarkostnaðurinn er lágur. Rekstrarniðurstaðan er ásættanleg þrátt fyrir tap. Þurfum að ganga til samninga við ráðuneytið um hærra framlag.

Ársskýrsla og ársreikningur eru samþykkt af fundarmönnum en þær má nálgast á heimasíðu heimilis og skóla.

Síðan er gengið til kosninga í stjórn Heimilis og skóla en þrjú sæti eru laus sem og staða formanns.

Fyrst er gengið til kosningu formanns samtakanna. Anna M er ein í framboði og er því sjálfkjörin til tveggja ára. Jenný Ingudóttir, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Þröstur Jónasson bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu og eru þau einnig sjálfkjörin.

Næst er kosning skoðunarmanna og kosningu hljóta Hlíf Böðvarsdóttir og Hilmar Ingimundarson auk varamanna.

Að lokum er komið að dagskrárliðnum önnur mál.

Sigrún Edda tekur til máls og ræðir fulltrúaráðsfundinn sem haldinn var á Selfossi í mars. Mikill vilji er til að efla stjórnskipunarstigann innan Heimilis og skóla: frá foreldrafélögunum og upp í fulltrúaráðið. Svæðasamtökin skipta miklu máli. Grunnstoð í Garðabæ á gott samtal við bæjaryfirvöld og mörg mál hægt að leysa með lítilli fyrirhöfn. Fulltrúaráðið þarf að efla og skapa vettvang, fá fundi með menntamálaráðherra þar sem ýmis mál eru rædd og umbætur lagðar til. Fulltrúaráðsfundir eiga að vera eitthvað sem engir vilja missa af. Síðan þarf að kynna vinnuna fyrir grasrótinni. Jafnvel er tilefni til reglugerðarbreytinga. Mikið og gott starf unnið í þessu að undanförunu og Heimili og skóli hefur unnið gott starf. Gott að fólk úr grasrótinni sé orðið fjölmennara í stjórn samtakanna. Getur orðið liður í því að markaðssetja Heimili og skóla fyrir foreldrum í landinu og því fræðsluefni sem er í boði. Sigrún segir mikilvægt að líta ekki á foreldrastarf sem afplánun. Skipti sköpum að tala við foreldra áður en skólastarfi hófst. Foreldrafélag í Hollandi bankaði upp á hjá foreldrum sex ára barna og bauð þeim á skólafærninámskeið í upphafi skólaárs.

Bryndís Jónsdóttir tekur til máls og segir að svæðasamtökin þurfa að vera í góðum tengslum við sitt bakland, sem Heimili og skóli þurfa einnig að gera. Þátttakan á Selfosfundinum var mjög góð. Foreldrastarf þarf að vera partur af menningunni. Fólk fær sekt ef það mætir ekki á foreldrafundi í Þýskalandi. Þegar kraftmikið fólk kemur í starfið og trekkir marga að en hættan er sú að þegar næsta stjórn taki við detti það niður. Þurfum að herja meira á sveitarfélögin og skólastjórnendur um að þeir styðji foreldrasamfélagið. Að þeir minni foreldra á að það sé mikilvægt að mæta, en að skilaboðin komi ekki bara frá foreldrafélaginu. Erfitt að finna tíma sem hentar öllum, en kennarar og skólastjórnendur eru alltaf velkomnir á fræðsluerindi. Skólaboðunardagur Norðlingaskóla er gott dæmi, starfsfólk kom heim til fjölskyldna – skólinn að teygja sig til foreldra. Það er lyklatríði að skólinn taki frumkvæðið og sýni þessu áhuga. Hún segir einni að gott sé að foreldrar og nemendur komi saman og ræði málin. Tvær mæður héldu fund um eineltismál í Borgarfirði fyrir nokkrum árum. Fyrri hlutinn var sameiginlegur með börnum og foreldrum. Foreldrar og börn stóðu upp og föðmuðumst í lok erindis. Síðan fóru börnin og horfðu á bíómynd á meðan foreldrarnir fengu áframhaldandi fræðslu. Þetta form virtist ganga frábærlega vel upp. Skólinn þarf að tala við nemendafélögin. Líka skortur á samtali foreldrafélaga og nemendafélaga. Foreldrasamfélagið þarf að koma þessu á.

Guðni Björnsson fundarstjóri segist þekkja bæði til Samfok og Samkóp, spjaldtölvuvæðingu og fleira. Hann segir eitthvað vanta, erum ekki að ná út úr þessu því sem við ættum að ná. Hann hringdi og skipaði fólki að mæta á viðburði þegar hann var í stjórn. Kannski 40-70 manns sem mæta á 1400 nemenda skóla þegar best lætur. Til hvers er verið að vinna að þessu starfi ef enginn vill mæta? Erfitt að vinna með hóp ósýnilegra foreldra. Mikið áhyggjuefni. Engin þekking meðal skólastjórnenda hvernig

virka eigi foreldra til þátttöku. Síðan þegar foreldrafélagið hættir þá byrja næstu fulltrúar á byrjunarreit. Guðni spyr hvernig er hægt sé að breyta þessu. Í stjórnartíð sinni passaði hann upp á að hafa alltaf fimm karlmenn og fimm konur í stjórn. Foreldrasáttmálinn er snilldartæki í foreldrastarfi, til að koma með inn í skólann á fyrstu árum skólans. Heimili og skóli hefur stóru hlutverki að gegna í að kynna þessi tæki. Hvernig væri að taka upp foreldra- og kennarafélög? Beintenging inn í skólastarfið. Upplýsingar sem kennarinn kom með á fundi voru ómetanlegar, hagnýtar upplýsingar – gjörbreyttu fundunum. Foreldrar og kennarar þurfa að vinna saman. Kjaramálin standa í vegi fyrir því, kennarar fá ekki borgað fyrir þátttöku. Hann telur að innleiðing nýrra laga um grunnskóla hefur ekki gengið sem skyldi.

Jenný Ingudóttir bendir á bekkjarfulltrúa. Fjölmennasti foreldrafundur sem hún hefur farið á þegar 2 skólar slógu saman í foreldraerindi um tölvunotkun unglunga. Þarf eitthvað að vera í boði fyrir börnin á meðan foreldrar funda eða fá foreldrafræðslu? Er morgunfræðsla líklegri til að fá foreldra til að mæta? Ýmsar leiðir eru til.

Heimir Eggerz segir frá SAFT fræðsluherferð fyrir 6. bekkinga á Akureyri og stóru málþingi fyrir foreldra í Hofi. Netöryggi og snjalltækjanotkun trekkir að. Stundum þarf ákveðnar aðstæður eða hræðslu hjá fólki til þess að það mæti. Hann segir einnig að Samtaka hafi staðið fyrir kynningarfundum fyrir foreldra nýnema þar sem samtökin eru kynnt og foreldrarnir fá læsistímarit Heimilis og skóla.

Anna Margrét segir þetta líka vera á höndum skólastjórnenda en Hrefna Sigurjónsdóttir bendir á að kennarasambandið vilji meira samstarf. Smá vitundarvakning er að eiga sér stað. Foreldrar eru ekki á móti kennurum en sum skólasamfélög eru varla starfhæf vegna tortryggni.

Umræðunum lýkur á þessum nótum.

**Fundarstjóri þakkar fundarmönnum fyrir komuna. Fundi er slitið kl. 18.05.**